


Að þekkja uppruna sinn

Leiðbeiningar um leit í sóknarmannatölum

- Íslendingabók; <https://islendingabok.is/>
 - Landmælingar Íslands: <https://lmi.is/>
 - Kortasjá; <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>
 - Örnefnasjá; <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=ORN>
 - Manntöl; <https://skjalasafn.is/>
- Sóknarmannatöl;** <https://skjalasafn.is/>
- Prestþjónustubækur; <https://skjalasafn.is/>

Bendill  á myndum vísar til aðgerða eða gagna sem þarf að vinna með.

Sóknarmannatöl eru eins konar manntöl yfir kirkjusóknir, tekin árlega þegar presturinn húsvitjaði. Skrá Þjóðskjalasafns Íslands telur ríflega 1500 sóknarmannatöl frá því um miðja 18. öld og fram yfir 1960. Dæmigerð efnisatriði í sóknarmannatali fram til 1880 voru: Bær/heimili, nafn, stétt/staða í þjóðfélaginu, aldur/fæðingardagur, kann að lesa, kann Kverið (kristin fræði), fermd/ur, hegðun og breytni og athugasemdir. Þjóðskjalasafnið birtir sóknarmannatöl sem eru eldri en 50 ára. Til þess að auðvelda leit að einstaklingi í sóknarmannatali hefur Þjóðskjalasafnið birt kort af Íslandi þar sem öll prestaköll eru afmörkuð. Kort þetta er nefnt *Vefsjá kirkjubóka*.



Í sýnidæmi þessara leiðbeininga er leitað að Herdísí Eggertsdóttur, fædd 20. október 1885. Hún átti heima í Staðarsókn í Húnavatnssýslu og flutti til Kanada árið 1901.

Opnaðu vef Þjóðskjalasafns Íslands (<https://skjalasafn.is>). Smelltu á Vefsjá kirkjubóka.

The screenshot shows the homepage of skjallasafn.is. At the top, there is a search bar with the text 'Leita' and a search button labeled 'LEITA'. Below the search bar is a navigation menu with the following items: FORSIÐA, ÞJÓÐSKJALASAFN, SAFNKOSTUR, SKJALAVARSLA, STAFRÆNAR HEIMILDIR, HÉRAÐSSKJALASÖFN, and FYRIRSPURNIR. The main content area is divided into three columns: 'Einkaaðilar' (Individuals), 'Opinberir aðilar' (Public entities), and 'Heimildir' (Sources). Each column lists various categories and documents available on the site.

Kortið af Íslandi sýnir skiptingu landsins í prestaköll. Til að opna gögnin **er bendill settur á viðkomandi prestakall og smellt einu sinni**. Ef þú þysjar að (stækkar kortið), birtast heiti prestakallanna. Þekki leitandi ekki vel til staða á landinu er hægt að staðsetja bæi á vef Landmælinga Íslands (<https://lmi.is>).
Smelltu á svæði sem afmarkar Staðarprestakall og upp kemur eftirfarandi:



Upplýsingar

Staður í Hrótafirði (-1885)

Hólabiskupsdæmi - Húnavatnsprófastsdæmi

Í Staðarprestakalli var Staðarhreppur í Húnavatnssýslu, eða Hrótafirður að austan, að og með Tannstöðum, og innstu bæir í Bæjarhreppi í Strandasýslu, Valdasteinsstaðir ystir. Staðarprestakall var sameinað Prestsbakkaprestakalli vegna ákveðins prests árin 1849-1867. Prestar, sem fengu veitingu fyrir Stað eftir það, fóru þaðan að Prestsbakka (síðast árið 1881) og þjónuðu stundum báðum köllunum. *Staðarkall var formlega lagt niður árið 1885 og sameinað Prestsbakkakalli*. Raunar bjó Prestsbakkaprestur á Stað í Hrótafirði á árunum 1904-1920. Við aftöku Prestsbakkakalls við árslok 2003 fór Staðarsókn undir Melsstaðarkall. Sókn: Staður (-1849, 1867-1870, 1877-1881). Heimild: Björk Ingimundardóttir. Prestaköll og sóknir á Íslandi.

Herdís fæddist 1885 í Staðarsókn skv. manntali 1890. Íslendingabók segir hana hafa fæðst á Þóroddsstöðum. Við hefjum leit í sóknarmannatali út frá árinu 1885 og leitum svo að bæjarnafninu (Þóroddstaðir). Það kemur í ljós að prestar í Prestsbakkaprestakalli þjónuðu *Staðarprestakalli* frá 1882, nokkru áður en Herdís fæddist. Við höfum því ekki not af þessum skráum en skoðum skrár yfir kirkjubækur í Prestsbakkaprestakalli.

Bókalisti. *Sóknarmannatöl*

Staður í Hrútafirði - Sóknarmannatal 1784-1812

Sóknarmannatal 1784-1786, 1797-1800, 1802, 1803, 1810 og 1812. (Vantar víða i)


Staður í Hrútafirði - Sóknarmannatal 1819-1848

Sóknarmannatal 1819-1827, 1831-1846 og 1848 (ein síða)

Staður í Hrútafirði - Sóknarmannatal 1849-1862

Sóknarmannatal 1849-1862

Staður í Hrútafirði - Sóknarmannatal 1863-1880

Sóknarmannatal 1863-1869 og 1872-1880 

Til að opna kirkjubækur Prestsbakkaprestakalls þarf að fara á Íslandskortið. Það er hægt með því að loka kirkjubók Staðarprestakalls í efstu skipanalínunni og loka svo listanum yfir kirkjubækurnar. Þá opnast Íslandskortið aftur. Einnig er hægt að opna aftur **vefsjá kirkjubóka**, þysja aftur kortið og finna Prestsbakkaprestakallið á kortinu og **smella á það svæði**. Þá birtist fróðleikur um prestakallið og í kjölfarið bókalisti. **Smelltu á svæðið**. Eftirfarandi kemur upp:



Prestsbakki í Hrótafirði (-2003)

Skálholtsbiskupsdæmi-Strandaprófastsdæmi

Prestsbyggakall náði (1801) yfir Bitru (hluta Broddaneshrepps, síðar Fellshrepp), frá og með Skriðnesenni, og meginhluta Bæjarhrepps eða að og með Borðeyri. Staðarbyggakall í Hrótafirði var sameinað Prestsbakkakalli árin 1849-1867 en formlega árið 1885.. Eftir það voru allur Bæjarhreppur og Staðarhreppur í Hrótafirði í Prestsbakkakalli. Óspakseyrarsókn (Fellshreppur frá árinu 1886) var lögð til Tröllatunguprestakalls frá Prestsbakkakalli árið 1886 nema bæirnir Guðlaugsvík, Kolbeinsá, Miðhús, Heydalur og Skálholtsvík sem fóru í Prestsbakkasókn. Óspakseyrarsókn kom aftur í Prestsbakkakall árið 1951. Prestsbakkakalli var skipt milli Melstaðarbyggakalls (Prestsbakka- og Staðarsóknir) og Hólmavíkuprestakalls (Óspakseyrarsókn) í ársbyrjun 2004.

Sóknir: Prestsbakki (-2003), Óspakseyri (-1886, 1951-2003), Staður í Hrótafirði 1849-1867, 1870-1877, 1881-2003).

Við leitum í sóknarmannatali 1885-1909. Árið 1885 er fæðingarár Herðísar, svo við hefjum leitina þar ásamt bæjarnafninu (Þóroddsstaðir). **Smelltu á línuna Sóknarmannatal 1885-1909.**

Bókalisti

Sóknarmannatöl

[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1780-1817](#)

Sóknarmannatal 1780-1797 og 1812-1817. (Vantar framman af a.m.k.)

[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1831-1847](#)

Sóknarmannatal 1831-1835 og 1837-1847

[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1849-1859](#)

Sóknarmannatal 1849-1859

[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1862-1880](#)

Sóknarmannatal 1862-1867 og 1869-1880

[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1885-1909](#) 

Sóknarmannatal 1885-1909

[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1910-1914](#)

Sóknarmannatal 1910-1914

[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1915-1926](#)

Sóknarmannatal 1915-1926

[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1927-1935](#)

Sóknarmannatal 1927-1935


[Prestsbakki - Sóknarmannatal 1937-1952](#)

Sóknarmannatal 1937-1952

Að lesa og fletta sóknarmannatölum.


Letrið í sóknarmannatölum getur verið ógreinilegt. Það er hægt stækka það með því að **smella á annan hvorn þessara hnappa. Þá má draga til blaðsíðuna með bendlinum.**



Annað sem þarf að hafa í huga er að iðulega sjást ekki færslur sem eru skrifaðar neðst á síður. Í hægri horni neðst er þetta merki:  Ef þú **smellir á það** sérðu bæði efst og neðst á blaðsíður.

Loks er bent á strenginn sem er neðst á skjánum en það eru minnkaðar myndir af síðum sóknarmannatala. Þegar þarf að fletta mörgum opnum, er ráð að setja bendilinn á þennan **streng lengst til hægri og smella**. Við það er flett fimm opnum í einu. Einnig má draga strenginn til og fletta þannig enn fleiri opnum í einu, bæði fram og aftur.

Fyrst birtist mynd af bókarkápu sóknarmannatala fyrir árin 1885-1909 eins og sést á kilinum. Örvar eru til hliðar við hverja opnu. Þær eru til að fletta síðum fram eða aftur. Í vinstra horni efst á skjánum er númer fyrir hverja opnu. Sumar bækur hafa blaðsíðutöl. Neðst eru myndir af hverri opnu í bókinni. **Nú er komið að því að fletta frá opnu til opnu.**



Hér hefst leit að nafni Herdísar Eggertsdóttur. Hún fæddist á Þóroddsstöðum en ólst upp í Hrutatungu. Þegar þú hefur fundið rétt ártal, þarftu að fletta síðu eftir síðu, og leita að bæjarnafni. Þegar það er fundið er athugað hverjir eru skráðir þar til heimilis. Í þessum leiðbeiningum er sýnt afrit af sóknarmannatali eða vísað til númera á opnum um öll árin sem Herdís bjó á Íslandi. Reyndu samt sjálf/ur að finna síðurnar um Herdís fyrir árin 1886 til 1900. Berðu svo saman við síðurnar sem birtast í þessum leiðbeiningum. Árið 1885 var fjölskylda Herdísar skráð á Þóroddsstöðum:

Eggert Jónsson 41 árs,
 Guðbjörg Guðmundsdóttir 43 ára,
 Þorbjörn Eggertsson 3 ára,
 Herdís Eggertsdóttir á fyrsta ári.

Það vekur athygli að tveir bræður hennar, Guðmundur og Sigurjón, eru ekki skráðir til heimilis hjá foreldrum sínum. Ári eftir fæðingu Herdísar, 1886, er enginn úr fjölskyldu hennar búsettur á Þóroddsstöðum (sjá opnu nr. 17).

Árið 1885 sóknarmannatal, opna nr. 14.

Navn	Mannamætti	Stítt	Alm.	þann	leir
Þóroddur Þóroddsson	Sigurður Arnarson	þóroddur	46	þi	þi
	Hölmfríða Þóroddsdóttir	þóroddur	49	þi	þi
	Guðbjörg	þóroddur	15	þi	þi
	Sigurður Agnildur	þóroddur	13	þi	þi
	Guðrún Þóroddsdóttir	þóroddur	11	þi	þi
	Þorbjörn Þóroddsson	þóroddur	7	þi	þi
	Margrét Þóroddsdóttir	þóroddur	39	þi	þi
	Guðrún Þóroddsdóttir	þóroddur	20	þi	þi
	Guðrún Þóroddsdóttir	þóroddur	31	þi	þi
	Eggert Jónsson	þóroddur	41	þi	þi
	Guðbjörg Guðmundsdóttir	þóroddur	43	þi	þi
	Þorbjörn	þóroddur	3	þi	þi
	Herdís	þóroddur	1	þi	þi
	Guðrún Þóroddsdóttir	þóroddur	83	þi	þi
	Daniel Jónsson	þóroddur	64	þi	þi
	Valylda Þóroddsdóttir	þóroddur	54	þi	þi
	Johannes Johannsson	þóroddur	19	þi	þi
	Katla Þóroddsdóttir	þóroddur	14	þi	þi
	Herdís Þóroddsdóttir	þóroddur	33	þi	þi
	Svein Jónsson	þóroddur	42	þi	þi

Árið 1886 er Herdís Eggertsdóttir ársögmul, skráð til heimilis í Hrutatungu. Sigurjón Eggertsson 6 ára, bróðir hennar, á einnig heima þar. Þau eru bæði skráð sem sveitarbörn. Móðir þeirra lést þetta ár.

Árið 1886 sóknarmannatal opna nr. 19.

Hrutatungu	Rorsteinn Jónsson	boandi	56	118		
	Olaf Guðmundsdóttir	kona þar	57	119		
	Guðmundur	} þeirri	26	120		
	Rorsteinn		22	121		
	Tomas	} þeirri	20	122		
	Jónas Ólafur		13		vel	vel
	Sabine Samueldóttir	} korni	20	123		
	Sigríður J. Rorsteinsd.		20	124		
	Syggveldur Jónsdóttir	} korni	53	125		
	Sygnis Guðmundsdóttir		47	126		
	Rorbjörg Rorsteinsdóttir	heimuman	10		vel	þýtt
	Sigríður Eggertsdóttir	loccitai	6			
	Herdís Eggertsdóttir	boandi	1			

Herdís 2ja ára, er áfram til heimilis að Hrutatungu, skráð sem sveitalimur. Sigurjón bróðir hennar er ekki lengur til heimilis á bænum.

Árið 1887 sóknarmannatal opna nr. 36.

Hrutatungu	Rorsteinn Jónsson	boandi	57	69		
	Olaf Guðmundsd.	kona þar	58	69		
	Guðmundur	} þeirri	27	70		
	Rorsteinn		28	71		
	Tomas	} þeirri	21	72		
	Jónas Ólafur		14	73		
	Syggveldur Jónsdóttir	} korni	54	74		
	Róðis Guðmundsd.		23	75		
	Sygnis Jónsdóttir	} loccitai	60	76		
	Herdís Eggertsdóttir		2			
	Jón Þarnleivson	lokupilti	12		vel	

Herdís 3ja ára, er enn í Hrutatungu og skráð sem sveitarómagi.

Árið 1888 sóknarmannatal opna nr. 47.

Reis Maunadófn		Skött	Ald.	Fama	lra	kma	sta. g.
Hrutatunga	Rorsteinn Jónsson bóndi.		58	66	"	"	"
	Ólaf Guðmundsd. kona br		59	67	"	"	"
	Guðmundur . . . } þessir		28	68	"	"	"
	Rorsteinn . . .		24	69	"	"	"
	Tomas . . . } þessir		22	70	"	"	"
	Jónas Ólafur . . .		15	71	"	"	"
	Rorði Guunlaugsson } þessir		24	72	"	"	"
	Engilbjörg Rorsteinsd. } konur		19	73	"	"	"
	Sigurðr Valdimarsson Tokubarn		8	"	vel		
	Engilbjörg Jónsdóttir } sveitar		61	74	"	"	"
	Herdís Eggertsdóttir } ómaga		3	"	"	"	"

Herdís er 4ra ára og áfram til heimilis í Hrutatungu, skráð sem sveitarómagi.

Árið 1889 sóknarmannatal opna nr. 57.

Reis Maunadófn		Skött	Ald.	Fama	lra	kma	sta. g.
Hrutatunga	Rorsteinn Jónsson bóndi.		59	57	"	"	"
	Ólaf Guðmundsd. kona br		60	56	"	"	"
	Guðmundur . . . } þessir		28	57	"	"	"
	Rorsteinn . . .		25	58	"	"	"
	Jónas Ólafur . . . } þessir		16	59	"	"	"
	Sigurðr Valdimarsson Tokubarn		9	"	vel	vel	"
	Guunlaug S. Guunlaugsson } þessir		24	60	"	"	"
	Engilbjörg Rorsteinsd. } konur		20	61	"	"	"

Reis Maunadófn		Skött	Ald.	Fama	lra	kma	sta. g.
Hrutatunga	Engilbjörg Jónsdóttir } sveitar		69	62	"	"	"
	Herdís Eggertsdóttir } ómaga		4	6	"	"	"
	Guðrún Jónsdóttir } Ekkja		60	63	"	"	"
	Samson Guunlaugsson konur br		28	64	"	"	"
	Stefaní Daníelsdóttir } þessir		18	65	"	"	"

a Eggertsdóttir. (2021). Að þekkjja uppruna sinn. Leiðbeiningar um leit í sóknarmannatölum. Skólabræðir: Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun.

Herdís er 5 ára og áfram til heimilis í Hrutatungu, skráð sem sveitarómagi.

Árið 1890 sóknarmannatal opna nr. 68.

Hrutatungu	Þorsteinn Jónsson	bóndi	60	55			
	Ólaf Guðmundsdóttir	Kona þr	61	56			
	Guðmundur	} þeir	29	57			
	Þorsteinn		26	58			
	Jónas Ólafur	} þeir	17				
Hrutatungu	Siqurda Valdimars	Tökubarn	10		vel	þrá	þyrt
	Stefán Davíðsson	Vinnu	19	59			
	Þingbjörg Þýranna	Vinnu	28	60			
	Guðni Jónsdóttir	Eyðibóndi	61	61			
	Þingbjörg Jónsdóttir	} Svarta	71	62			
	Herdís Eggisdóttir		1				

Herdís 6 ára er til heimilis í Hrutatungu. Hún er skráð sem sveitarómagi.

Árið 1891 sóknarmannatal opna nr. 79.

Hrutatungu	Þorsteinn Jónsson	bóndi	61	53			
	Ólaf Guðmundsdóttir	Kona þr	62	54			
	Guðmundur	} þeir	30	55			
	Jónas		18	56			
	Þorsteinn		27	57			
	Þingbjörg Þýranna	Kona þr	26	58			
	Þorsteinn Ólafur	þr	1				
	Stefán Davíðsson	Vinnu	20	59			
	Guðni Jónsdóttir	Eyðibóndi	62	60			
	Þingbjörg Jónsdóttir	} Svarta	72	61			
	Herdís Eggisdóttir		6				
	Ólafur Þorsteinnsson	Vinnu					

a Eggertsdóttir. (2021). Að þekja uppruna sinn. Leiðbeiningar um leit í sóknarmannatölum. Skólabræðir: Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun.

Herdís er 7 ára. Býr í Hrutatungu. Er skráð sem sveitarómagi. Hún les vel.

Árið 1892 sóknarmannatal opna nr. 88.

Hrutu Tunga	Rorkeim Jónsson	bóndi	62	53			
	Olaf Guðmundsdóttir	Kona br	63	54			
	Guðmundur	} þessir	31	55			
	Tomas		19	56			
	Guðni Jónsdóttir	systr bóndi	63	57			
	Þorsteinn Þorsteinsson	} þessir	27	58			
	Þagódet Steindóttir		14	59			
	Luzibjörg Jónsdóttir	} þessir	73	60			
	Herdís Eggisdóttir		7		vel		
	Rorkeim Jónsson	þessir	28	61			
	Luzibjörg Þórnadóttir	Kona br	27	62			
	Rorkeim Ólafur	} þessir	1				
	Þjarni		1				
Haldor Guðmundsd.	þessir		63				

Herdís er 8 ára gömul, sveitarómagi, býr í Hrutatungu. Les vel.

Árið 1893 sóknarmannatal opna nr. 98.

Hrutu Tunga	Rorkeim Jónsson	bóndi	63	56			
	Olaf Guðmundsdóttir	Kona br	64	57			
	Guðmundur	} þessir	32	58			
	Tomas		20	59			
	Tomas	} þessir	26	60			
	Guðni Jónsdóttir		Systr bóndi	64	61		
	Þorsteinn Þorsteinsson	} þessir	25	62			
	Luzibjörg Jónsdóttir		74	63			
	Herdís Eggisdóttir	} þessir	8		vel		
	Rorkeim Þorsteinsson		þessir	29	64		
	Luzibjörg Þórnadóttir	Kona br	28	65			
	Rorkeim Ólafur	} þessir	2				
	Þjarni		1				
Haldor Guðmundsd.	þessir		66				
Þjarni Þórnadóttir	Systr bóndi	73	67				

a Eggertsdóttir. (2021). Að þekkjá uppruna sinn. Leiðbeiningar um leit í sóknarmannatölum. Skólabræðir: Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun.

Herdís er 9 ára, býr enn í Hrutatungu. Hún er sveitarómagi. Les vel.

Árið 1894 sóknarmannatal opna nr. 108–109.

Hrutatunga	Þorsteinn Jónsson	sonur	69	57			
Tunga	Ólaf Guðmundsdóttir	kona	65	54			
	Tommas	sonur	27	55			
	Jónas Ólafur	sonur	21	56			
	Guðrún Jónsdóttir	dóttir	33	57			
	Sigríður Jónsdóttir	dóttir	19	58			
	Guðbjörg J. Arnadóttir	dóttir	26	54			
	Guðmundur Tomasson	sonur	42	60			

(Hrutatunga)	Luzbjörg Jónsdóttir	dóttir	75	61			
	Herdís Eggertsdóttir	sonmaga	9		un	fat	
	Þorsteinn Þorsteinsson	sonur	30	62			
	Luzbjörg Þórunn	kona	29	63			
	Þorsteinn Ólafur	sonur	3				
	Þjarni	sonur	2				
	Elis Þórunn	dóttir	1				
	Þjarni Þjarnarson	sonur	74	64			

Svona heldur leitin áfram þar til að Herdís Eggertsdóttir flytur til Vesturheims 1901.

Árið 1895 sóknarmannatal opna nr. 119. > Herdís er 10 ára, sveitarómagi, les vel.

Árið 1896 sóknarmannatal opna nr. 130. > Herdís er 11 ára, sveitarlimur, les vel.

Árið 1897 sóknarmannatal opna nr. 142. > Herdís er 12 ára, tökubarn, les vel.

Árið 1898 sóknarmannatal opna nr. 153. > Herdís er 13 ára, tökubarn, les vel og skrifar vel.

Árið 1899 sóknarmannatal opna nr. 165. > Herdís er 14 ára, léttastúlka, les vel og skrifar vel.

Árið 1900 sóknarmannatal opna nr. 176. > Herdís er 15 ára, vikastúlka, Herdís er 11 ára, sveitarlimur, les vel.

Árið 1901 er Herdís ekki skráð í manntali enda er það árið sem hún fer til Kanada.